

# HEIMSPEKI Í KENNSLUSTOFUNNI

FYRIRLESTUR Á NÁMSKEIÐINU  
HEIMSPEKI OG HUGMYNDASAGA  
VIÐ KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Brynhildur Sigurðardóttir,  
29. apríl 2008

# Grunnskólinn



- ...skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að **sjálfstæðri hugsun** nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

(Lög um grunnskóla nr. 66/1995, með breytingum frá 1. janúar 2007, 2. gr.)

# Sjálfstæð hugsun

□ Í hverju felst hún?

□ Tækni?

□ Viðhorfi?

□ Persónuleikaeinkennum?

□ Vana?



# Gagnrýnin hugsun

- **Byggir á rökum**
  - sættir sig ekki við óskýrar hugmyndir
- **Tekur mið af samhengi hlutanna**
  - Fer varlega í alhæfingar
  - Skoðar allar hliðar málsins
- **Leiðréttir sjálfa sig**
  - Er sífellt að endurmeta stöðuna
  - Er nógu hógvær til að skipta um skoðun þegar góðar ástæður mæla með því



# Að kenna hugsun?



- Hvernig á að kenna hana í skólum?
  - ▣ Hægt að kenna tækni með ýmsum aðferðum → kennir afmarkaða þætti (t.d. spurnartækni eða rökstuðning)
  - ▣ Aðferðir og saga heimspekinnar búa yfir „heildarpakka” sem kennarar/skólar geta nýtt sér

# Heimspeki þjálfar hugsunina

- Ummæli frá móður heimspekinema í Garðaskóla:
  - „Vildi bara láta þig vita hvað ég er ánægð með þessa tíma og A. líka, vegna þess að krakkarnir beðnir um að hugsa sjálfstætt og tala saman. Það mætti gera meira úr heimspeki.”
  
- Ummæli frá heimspekinemum (10. bekk) vorið 2007:
  - Heyrðu Brynhildur, ég fann það á samræmda prófinu í íslensku hvað ég er búin/n að læra í heimspeki í vetur. Það hjálpaði mér mikið við að svara ritgerðarspurningunum...

# Börn og heimspeki



Heimspeki er vettvangur þar sem börn þjálfra og þroska eðlislæga getu sína til að leita þekkingar og skilnings á sjálfum sér og veröldinni

# Heimspekikennsla í Garðaskóla

- Valgrein í 9. og 10. bekk
- 10-15 nemendur í hóp, 3 tímar í viku allan veturinn:
  - Gefur svigrúm til að þróa hópinn
- Heimspekivefur Garðaskóla:  
[www.gardaskoli.is/heimspeki/](http://www.gardaskoli.is/heimspeki/)

# Námsefni

- Textar úr ýmsum áttum:
  - Brot úr námsefni Lipmans og félaga, þýðingar Hreins Pálssonar
  - *Leið þín um lífið, siðfræði fyrir ungt fólk*. Gefin út af Námsgagnastofnun
  - [Heimspekingar fyrr og nú](#) eftir Geir Sigurðsson
  - *Valur* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur
  - *Hugsi* eftir Sigurð Björnsson og Matthías Viðar Sæmundsson
  - Mjólkurfernutextar o.m.fl.
- Kvikmyndir
- Atburðir, listsýningar
- Spurningar nemenda – stundum er eitt orð nóg
  - [Ástin](#)
- Dæmasöfn: *Connecting Concepts* eftir Clinton Golding

# Vinnulota: tekur 1-3 vikur

1. Kveikja
2. Spurningar nemenda dregnar fram
3. Samræða
  - ákveðið hvaða spurningu á að taka fyrir
  - ákveðið hvaða atriði leggja á áherslu á í samræðufélaginu
  - samræðan sjálf
4. Önnur úrvinnsla: hópvinna, heimildavinna, persónuleg skrif, verkefnavinna
5. Mat á samræðufélaginu:
  - yfirlétt gert í lok einstakra kennslustunda, nokkrum sinnum í hverri lotu

# 1. Kveikja

## Skilningur eftir Freyju Sigurðardóttur (útg. Mjólkursamsalan)

Ég væri til í  
að skilja heiminn.

Ég væri til í  
að skilja öll heimsins mál.

Ég væri til í  
að skilja þig.

Ég væri til í  
að skilja mig.

En hvað ef  
ég skildi heiminn?

En hvað ef  
ég skildi öll heimsins mál?

En hvað ef ég skildi þig?

Og mig?

Væri lífið eitthvað betra?

## 2. Spurningar nemenda

? ?



# Spurningar nemenda



- Þarf að gefa þessu tíma í byrjun
- Nemendur eru mjög fljótir að átta sig á hvað eru „góðar spurningar” þ.e. spurningar sem leiða inn í athyglisverða samræðu
- Mikilvægt að kennarinn reyni ekki að „laga” spurningar nemenda
  - ▣ virðingarleysi við þeirra hugsun
  - ▣ getur breytt áherslum í umræðunni

# Dæmi um þróun spurninganna:

## Fyrstu spurningar hópsins:

- **Kemur einhvern tímann fram hvað þau eru gömul? (Sindri)**
- **Hvað er hún að meina „ég er líka hundur“? (Katla, Heiðrún, Katrín, Unnar)**
- **Hvernig geta þessir krakkar verið svona heimskir? (Hilmar)**
- Er svona rosalega ólíkt að drepa dýr og drepa fólk? (Hjálmar)
- Er verra að drepa dýr en að „tjóðra“ þau? (Rósanna)
- Af hverju finnst henni hún vera svona ljót? (Heiðrún)
- Hafa dýr réttindi? (Heiðrún)
- **Af hverju eru hrá dýr verri en soðin dýr? (Hilmar)**
- o.fl.

## Næsti spurningalisti:

- **Hvað eru snúningstengsl? (Heiðrún)**
- **Ef maður gerir einhverjum gott „verður“ maður að endurgjalda það? (Sindri)**
  - **Átti Tommi að hrinda bókunum hans niður? (12:30) (Rósanna)**
  - **Af hverju þurfti strákurinn að fella hann? (Katla)**
- **Hvað gerir kennara að góðum kennara? (Rósanna)**
- Var rétt af Maríu að vera reið við Láru, þótt hún hefði ekki gert neitt? (Anna)
- Hvernig er hægt að „geta ekki pælt í því hvernig maður pælir“? (Hjálmar)
- Hvað er að vera skríttinn? (??)
- Hver er munurinn á „skríttinn“ og „öðruvísi“? (Hilmar)

# 3. Samræða


- Mikilvægasta hugmyndavinnan fer fram í heimspekilegri samræðu nemenda
- Kennarinn stjórnar samræðuferlinu – Nemendur stjórna hugmyndaflæðinu
- Setja fáar og skýrar grunnreglur:
  - Hlusta, rökstyðja, spyrja, ekki hoppa úr einu í annað
- Tekur tíma að þróa gott samræðufélag
  - Hver segir „ekki grípa frammí“?

# Hvað einkennir gott samræðufélag?

Gagnrýnin hugsun

Samvinna

Skapandi hugsun



Umhyggja

# Gátlistar hjálpa kennara og nemendum að hafa yfirlit um hvort samræðufélagið sé á réttri braut

## Hlustaði ég á þann sem var að tala?

- Ég hlustaði á þann sem var að tala, vonaði að það væri merkilegt
- Já, ég hlustaði á hina en ég var ekki mikið að tala
- Mér gekk ágætlega að hlusta en ekki að fylgjast með
- Ég hlustaði á flesta
- Við hlustuðum vel hvert á annað
- Já, en það er erfitt að hlusta á 5 í einu
- Ég hlustaði vel, en sýndi eiginlega enga athygli
- Við hlustuðum ekki nógu mikið
- Ég reyndi að hlusta á alla sem voru að tala sem ekki var létt því allir voru að msa

## Var ég kurteis?

- Ég sýndi mikla kurteis
- Já, ég var kurteis, ég greip aldrei frammí
- Ég var kurteis
- Ég var frekar kurteis
- Við vorum alveg nógu kurteis
- Já, nema í byrjuninni
- Var ekki mjög kurteis við alla en samt mest allan tímann
- Nei, við vorum ekki kurteis
- Ég var líka nokkuð kurteis

**Dæmi um sjálfsmat nemenda:  
úr tíma haustið 2003**

# Hvað lærir maður í samræðufélagi?

Betri samstarfshæfileikar  
(að hlusta og tala)

Þroskaðri hugsun

Skýrari sýn á eigin  
tilfinningar og líðan

Aukin samfélagsleg vitund

# 4. Önnur úrvinnsla

- Heimspeki á vísindavefnum
- Hópvinna um réttindi barna og unglinga
- „Bestiskóli”
- Verkefni verða til í samræðunni – það sem nemendur hafa áhuga á að rannsaka er rannsakað



# 5. Námsmat



- Pátttaka í samræðufélaginu
  - sjálfsmat + mat kennara
- Verkefnavinna:
  - pælingaskrif
  - WIKI skrif
  - hópvinna: plaköt, skýrslur, myndir o.fl.
- Vinnubók
  - krafa um að halda skipulega utan um öll gögn

# Hugtakagreining: dæmi

Réttlæti	???	Óréttlæti